



Starfsleyfisskilyrði fyrir Hringrás ehf., Klettagörðum 9

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir Hringrás hf., kt. 510613-1390, að Klettagörðum 9, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnareftirlit m.s.br., reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi m.s.br. og reglugerð 303/2008 um úrvinnslu ökutækja. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber rekstraraðila að fylgja, eftir því sem við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir móttökustöð fyrir ökutæki sem áformað er að farga og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir flutningi á spilliefnum, eftir því sem við á.
- 1.2 Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari fram með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Starfsleyfið gildir í fjögur ár frá útgáfudegi eða til frá **dd.mm.yyyy til 31.12.2023**.
- 1.4 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur á móttöku á úrgangi til endurvinnslu, móttöku á bifreiðum sem áformað er að farga, almennu bifreiða og vélaverkstæði, olíumannvirki til eigin nota og flutningi á spilliefnum sbr liði 8.5., 8.6., 7.4. og 8.3. í viðauka X í rgl. 550/2018, m.s.br., sjá nánar í kafla 2.
- 1.5 Starfsleyfið skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Starfsleyfið skal þó endurskoða fyrr ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra, mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búast mátti við þegar leyfið var gefið út eða ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun án óhóflegs kostnaðar. Jafnframt skal endurskoða starfsleyfið ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við, ef breytingar verða á atvinnurekstri, ef fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi. Um endurskoðun á starfsleyfi skal fara samkvæmt gr. 14 í rgl. 550/2018.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umgangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu strax um mengunarslys sem kunna að verða.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br. til að knýja á um úrbætur.



- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfseminni fer skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- 1.11 Starfsleyfi skal hanga uppi á áberandi stað í fyrirtækinu. Eintak af starfsleyfisskilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á því að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.12 Almennigur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í viðauka IV í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöðu eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Starfsemi, athafnasvæði og geymsla úrgangs

- 2.1 Starfsleyfið gildir fyrir móttöku, meðferð og vinnslu brotamálma, allt að 40.000 tonnum á ári, allt að 5.000 tonnum á ári af gúmmídekkjum og 8.000 tonnum af bílflökum sem áformað er að farga.
Einnig má taka á móti úrgangsefnum sem eru eðlilegir fylgihlutir þessara úrgangsefna. Vinnsla spilliefna er einungis heimil með starfsleyfi Umhverfisstofnunar.
Starfsleyfið nær einnig til reksturs almenns bifreiða- og vélaverkstæðis, flutnings spilliefna og olíumannvirkja til eigin nota (einn neyslugeymir og 5 úrgangsolúgeymar sbr. upplýsingar frá fyrirtækinu).
Úrvinnsla bíla sem áformað er að farga skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.
- 2.2 Starfsemi fyrirtækisins á þessum stað skal takmörkuð við lóðina Klettagarða 9. Óheimilt er að geyma brotamálma, gáma, vélar, tæki og dráttarvagna utan lóðar. Sama á við um bifreiðar hlaðnar brotamálmi nema í heimkeyrslu yfir nótt.
- 2.3 Innan sex mánaða frá samþykkt starfsleyfis skal rekstraraðili leggja fram teikningar af fyrirkomulagi lóðar, samþykktum af byggingarfulltrúanum í Reykjavík. Skipulagið skal byggja á brunahönnun. Á teikningunum skal sýna allar mengunar- og brunavarnir sem á lóðinni eru, slökkvibúnað, skýra svæðaskiptingu vinnu- og geymslusvæða og aðkomumöguleika, fastan vélbúnað og byggingar. Í texta skal geta hámark efnis á hverju svæði sem vera má á hverjum tíma og mestu hæð hauga. Geri brunahönnun ítarlegri kröfur til hámarks brennanlegra efna og öryggisfjarlægð en kemur fram í starfsleyfi gilda kröfur brunahönnunar.
- 2.4 Halda skal vinnusvæðum, húsnaði, tækjabúnaði og umhverfi snyrtilegu eftir því sem kostur er.
- 2.5 Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi ekki óþrifnaði eða ónæði.



- 2.6 Allt athafnasvæði fyrirtækisins skal vera steipt og/eða með bundnu slitlagi. Lóð skal afmörkuð með girðingum sem hindra aðgengi almennings að athafnasvæðinu. Hlið skulu vera læst utan athafnatíma.
- 2.7 Áhersla skal lögð á jafna vinnslu alls efnis sem tryggir að rúmtak þess sé í lágmarki hverju sinni. Magn úrgangs á lóð og skipulag lóðar skal fara samkvæmt tillögu að skipulagi lóðar, sjá fylgiskjal og ákvörðun Heilbrigðiseftirlits. Hámarks magn úrgangs á hverjum tíma skal vera skv. töflu 1.

Tafla 1. Hámarks magn úrgangs sem leyfilegt er að geyma á lóð á hverjum tíma.

Úrgangsefni	Hámarks magn
Brotamálmur 1* og 2* efni, góðmálmur, annar óbrennanlegur málmur	4000 m ³
Brotamálmur 3** efni, eitt brunahólf	2.500 m ³
Bílflök til förgunar, eitt brunahólf	2.700 m ³
Ál og ryðfrítt	200 m ³
Dekk	300 m ³
Kaplar	70 m ³
Plastkór	70 m ³

* efni 1 og 2 er flokkaðir málmur, unnir og óunnir

** efni 3 eru óunnir og blandaðir málmur

- 2.8 Meðhöndlun málmkennds úrgangs sem inniheldur eða kann að innihalda spilliefni skal fara fram á svæði undir þaki eða skyggni með aðstöðu til að geyma úrganginn á viðeigandi hátt sem Heilbrigðiseftirlitið samþykkir. Við móttöku á bifreiðum sem áformað er að farga skal tæming olíu og vökva af bifreiðum fara fram á svæði með þar til gerðum tæmingarbúnaði, sem tengdur er tönkum sem taka við úrgangsefnum. Einnig skulu rafgeymar fjarlægðir og komið til spilliefnamóttöku, íhlutir sem hugsanlega eru sprengifimur s.s. öryggispúðar skulu fjarlægðir eða gerðir óvirkir, allir íhlutir sem innihalda kvikasilfur skulu fjarlægðir eftir því sem unnt er og allir íhlutir sem innihalda blý, kadmíum eða sexgilt króm og eru merktir sem slíkir skulu fjarlægðir áður en frekari úrvinnsla fer fram. Geymsla á bílum og bílhraejum sem tekið er á móti vegna áformaðrar förgunar, hvort sem er á lóð rekstraaðila eða annars staðar skal, vera á svæði þar sem frárennsli fer um olíuskilju.
- 2.9 Brennanlegur meðúrgangur, s.s. timbur plast og pappi (meðúrgangur með brotamálmum) skal geymdur a.m.k. 15 m innan lóðarmarka í gámum. Brennanlegt efni (3 efni og dekk) skal geymt í eldvarnarhólfum, aðskilin með eldvarnarvegg eða með 15 m öryggisfjarlægð. Leyfilegt er að geyma dekk 5 m frá lóðarmörkum þar sem eldvarnaveggur er við lóðarmörk.
- 2.10 Stöflunarhæð óbrennanlegs úrgangs við lóðarmörk skal haldið í lágmarki. Við lóðarmörk skal óbrennanlegur úrgangur ekki vera hærri en hæð girðingar innan við 5



m frá girðingu og ekki meiri en tvöföld hæð hennar innan næstu 5 m. Mesta stöflunarhæð í haugum með brennanlegum úrgangi skal ekki vera hærrí en samþykktir eldvarnaveggir. Merkingar sem sýna hámarkshæð og dýpt haugs skulu vera til staðar þannig að hægt sé að magntaka efnið. Gera skal ráð fyrir að eldvarnaveggir nái a.m.k. 1 m út fyrir haug.

- 2.11 Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlun sem skilgreinir hvernig brugðist skal við ef efnismagn fer tímabundið yfir hámarksmagn sbr. töflu 1. Áætlunina skal senda til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til yfirferðar og samþykktar.
- 2.12 Geymslurými úrgangs sem ekki nýtist fyrirtækinu til endurvinnslu skal vera til staðar. Koma skal slíkum úrgangi reglulega til förgunar þannig að ekki verði uppsöfnun á honum á athafnasvæði fyrirtækisins. Urðun eða brennsla úrgangs á athafnasvæðinu er óheimil.
- 2.13 Við innkeyrslu inn á athafnasvæðið skulu vera skilti með leiðbeiningum til þeirra sem koma með úrgang til fyrirtækisins. Meðal þess sem fram skal koma á skiltunum er opnunartími móttökunnar og upplýsingar, til þeirra sem koma með úrgang, um að láta vita af sér á tilteknum stað.
- 2.14 Rekstraraðili skal takmarka aðsókn meindýra að athafnasvæðinu með skipulögðum meindýravörnum. Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu. Skýrslur um meindýraeftirlit skulu vera aðgengilegar í eftirliti.

3. Mengunarvarnir

- 3.1 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Nýta skal orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.
- 3.2 Halda skal hávaða við vinnslu hráefnis og vegna annarra athafna, svo sem umferðar um athafnasvæðið, í lágmarki. Um hávaða fer skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum fyrir atvinnustarfsemi sem tilgreind eru í töflu III í reglugerð um hávaða.
- 3.3 Til að lágmarka loftmengun er óheimilt að hafa kolefnaeldsneytisknúnar vinnuvélar eða bifreiðar í gangi umfram það sem tengist eðlilegri umferð eða endurvinnslustarfsemi, svo sem pressun brotajárns eða tætingu annars hráefnis.
- 3.4 Afrennsli frá öllu athafnasvæðinu skal fara í gegnum olíuskiljukerfi sem ræður við umfang starfseminnar. Olíuskiljur skulu gerðar í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olíuskiljur og gildandi staðla um olíuskiljur sbr. viðauka II í rgl. 884/2017 og hreinsa olíu niður fyrir 15 ppm í frárennslinu að lágmarki. Frárennsli sem



Í olúskiljur fer skal renna um sandskilju. Í olúskiljum og tengdum búnaði skal vera sjálfvirk yfirylliviðvörðun. Auk þess skal vera loki til að loka fyrir frárennsli ef olúskiljur og tengdur búnaður yfirfyllast. Á frárennsli olúskilja skal vera sýnatöku- og eftirlitsbrunnur. Tryggja skal mánaðarlegt eftirlit með olúskiljum og tengdum búnaði og þær tæmdar eftir þörfum, að lágmarki þó ekki sjaldnar en árlega. Frárennsli frá olúskilju skal fara í skólpráveitu.

- 3.5 Rekstraraðili skal framkvæma mælingar í frárennsli a.m.k. einu sinni á ári. Mörk fyrir mæligildi er að finna í kafla 4, töflu 2.
- 3.6 Við rekstur olúgeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olú, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífoldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 3.7 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 3.8 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfiryllingarviðvörðun eða yfiryllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olúskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki. Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 3.9 Rekstraraðila ber að hafa viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa í starfseminni. Kynna skal starfsmönnum áætlunina og æfa viðbrögð við mengunaróhappi a.m.k. árlega. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 3.10 Rekstraraðili skal hafa samband við Heilbrigðiseftirlitið eins fljótt og auðið er komi til meiriháttar óhapps, t.d. ef mengunarefni sem gætu stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis berast út í umhverfið. Einnig ef ófyrirsjáanlegar aðstæður leiða til rekstrarstöðvunar. Þegar í stað skal grípa til aðgerða til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og kalla til Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sem er viðbragðsaðili. Í þeim tilvikum sem lög kveða á um skal einnig tilkynna mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar.
- 3.11 Verði á starfstímanum mengun af völdum starfsemi rekstraraðila sem gæti stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið röskun lífríkis, skal rekstraraðili koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að berast út í umhverfið. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem hefur orðið eftir óhapp eða annað atvik, á sinn kostnað.

4. Innra eftirlit og skráningar

- 4.1 Fyrirtækið skal hafa innra eftirlit með starfseminni sem m.a. er fólgið í skráningu á eftirfarandi:
 - a) Upplýsingar um úrgang.
Skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti. Skrá skal tegund úrgangs, magn, uppruna og ráðstöfun hverrar tegundar.
 - b) Atvik er varða móttöku efna.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Skrá skal þau tilvik þar sem vart verður við spilliefni eða hluti sem innihalda spilliefni í förmum umfram það sem búast má við, t.d. úr bifreiðum. Meðal annars skal skrá hvers konar efni var um að ræða og til hvaða aðgerða var gripið til að koma efninu til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni.

c) Olúskiljur

Kanna á stöðu vökva í olúskiljum mánaðarlega og tæma tvisvar á ári eða oftari ef þörf þykir. Skrá skal eftirlit með olúskiljum og tæmingu þeirra, einnig prófanir á viðvörunarbúnaði og skynjurum á olúskiljum, olútönkum og öðrum búnaði eftir því sem við á.

d) Mengunaróhöpp

Skrá skal öll mengunaróhöpp sem verða, m.a. þegar hellast niður spilliefni, t.d. við að slöngur olíuþrýstikerfa vinnuvéla gefa sig. Skrá skal umfang óhappsins, viðbrögð og hvernig staðið var að upphreinsun auk annars sem máli kann að skipta.

e) Mælingar í frárennsli

Mælingar á efnastyrk í frárennsli skulu fara fram einu sinni á ári, fyrir 1. október ár hvert. Eftirfarandi mörk gilda fyrir mælingar, hámarksgildi fyrir hvern þátt.

Tafla 2: Losunarmörk fyrir fráveituvatn.

Mælipáttur	Styrkur
Lífrænt efni sem COD, mg O ₂ /L	1000*
Svifagnir, mg/L	500*
Olía og fita (óskautuð), mg/L	100*
Hitastig °C	35*
Sýrustig, pH	6,5-10*
Kvikasilfur, mg/L	0,03
Kadmíum, mg/L	0,15
Blý, mg/L	0,2

* Meðaltal fyrir vinnsludag

Ef mæligildi eru yfir mörkum skal endurtaka mælingu innan eins mánaðar frá því niðurstöður liggja fyrir. Ef mæligildi eru aftur yfir mörkum ber fyrirtækinu að grípa til aðgerða til að standast kröfur.

- 4.2 Fyrir 1. maí ár hvert skal fyrirtækið skila til Heilbrigðiseftirlitsins umhverfisskýrslu fyrir síðastliðið almanaksár, þar sem lagt er mat á reksturinn út frá umhverfissjónarmiði. Skal skýrslan m.a. taka til þeirra atriða sem skrásett eru skv. innra eftirliti ásamt almennum upplýsingum um reksturinn. Einnig skal senda Umhverfisstofnun skráningar skv. a lið sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa í ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar upplýsingar.
- 4.3 Ef fyrirtækið fær athugasemdir frá öðrum eftirlitsaðilum en Heilbrigðiseftirlitinu er fyrirtækinu skylt að senda Heilbrigðiseftirlitinu tilkynningu þar að lútandi.



5. Starfsemi hætt

- 5.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðarfyrirvara um fyrirhugaða stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 5.2 Rekstraraðili skal hafa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustuvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Neyðaráætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.3 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 5.4 Að öðru leyti skal hlíta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl. nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

6. Ýmis ákvæði

- 6.1 Starfsemi í starfsstöð rekstraraðila skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði stöðvarinnar og þeim starfsháttum sem starfsleyfi þetta kveður á um. Skal starfsmaðurinn jafnframt kunna skil á öðrum ákvæðum starfsleyfis og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.
- 6.2 Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem það getur komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar í starfsstöð. Um starfsumhverfi og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 6.3 Fyrirtækið skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar geta haft samband við utan venjulegs afgreiðslutíma fyrirtækisins ef þörf krefur.

Samþykkt á **XXX.** fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur **dd,mm.** 2018.